

Skýrsla stjórnar
starfsárið 2017



Mars 2018


Efnisyfirlit

INNGANGUR.....	3
SKIPAN STJÓRNAR.....	3
REKSTUR OG AFKOMA.....	4
Helstu verkefni og afkoma félagsins	4
Félagatal.....	4
VOTTUN	5
Vottanir starfsársins	5
Matsmenn.....	5
Uppskeruhátíð vottunar	5
UPPLÝSINGA- OG KYNNINGARMÁL.....	5
Fréttabréf og vefsvæði	6
Samfélagsmiðlar	6
Viðburðir og fræðslufundir	6
Fyrirtækjaheimsóknir og fræðslufundir.....	7
Dagur verkefnastjórnunar.....	7
Viðurkenning fyrir lokaverkefni í MPM námi	7
Haustráðstefnan	7
ERLENT SAMSTARF.....	8
Heimsráðstefna IPMA 2017, í Astana, Kazakhstan	8
Nordnet fundir.....	9
Fundir fulltrúa aðildarfélaga IPMA.....	9
Project Excellence	9
SAMANTEKT	9

INNGANGUR

Hlutverk og tilgangur Verkefnastjórnunarfélags Íslands er **verkefni til árangurs**, eða með öðrum orðum að styðja einstaklinga og skipulagsheildir til að ná árangri í sínum viðfangsefnum með aðferðafræði verkefnastjórnunar. Til að sinna því hlutverki leitast félagið við að upp **þekkingarsamfélag** sem stendur á þremur lykilstoðum: í fyrsta lagi að **vottar** félagið reynslu og þekkingu verkefnastjóra samkvæmt alþjóðlegum viðmiðum, í öðru lagi **fræðir** félagið með og miðlar efni um verkefni, verkefnastjórnun og framþróun fagsins og í þriðja lagi með því að **skapa** umhverfi og aðstæður til eflingar verkefnastjórnunar á Íslandi.

Þessa lýsingu á hlutverki félagsins má sjá á meðfylgjandi mynd sem var jafnframt afurð stefnumótunarvinnu félagsins í kjölfar 30 ára afmælis 2014.



Mynd 1 Hlutverk félagsins, sýn, kjarnahæfni og gildi

Starfsemi félagsins 2017 var að flestu leyti í nokkuð föstum skorðum og í takt við hlutverk þess. Vottunarstarfsemi var í hefðbundnum takti og fjöldi fræðslufunda á svipuðu róli og undanfarin ár. Auk þessa var ýmis konar nýsköpun í starfsemi félagsins og unnið að margs konar umbótum í samstarfi og samvinnu. Ný vefsíða félagsins var tekin í notkun á árinu, ný nálgun reynd á degi verkefnastjórnunar í samstarfi við MPM námið og verðlaunum vegna lokaverkefnis í MPM námi komið í mótaðra ferli. Umfangsmesta verkefnið var þó undirbúningur að innleiðingu nýrra hæfniviðmiða IPMA og mun það viðfangsefni halda þeirri stöðu á næsta starfsári.

SKIPAN STJÓRNAR

Ný stjórn var kosin á aðalfundi félagsins þann 15. mars 2017. Úr stjórn gengu þau Jóhanna Ásta Vilhjálmisdóttir, Kristján Ari Úlfarsson, Laufey Ása Bjarnadóttir, Þór Hauksson og Steinunn Halldórsdóttir (varamaður). Tveir nýir aðilar gáfu kost á sér í stjórn félagsins, þeir Alexander Þórisson, og Jón Már Halldórsson auk þess sem þeir Kristján Ari Úlfarsson og Þór Hauksson gáfu báðir kost á sér á nýjan leik til tveggja ára. Voru þeir allir sjálfkjörnir í stjórn félagsins. Lís Lind Björnsdóttir gaf kost á sér sem varamaður og var einnig sjálfkjörin.

Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar þann 22. mars 2017 skipti stjórn með sér verkum. Þór Hauksson var valinn formaður og Sigurjón Páll Kolbeins varaformaður. Kristján Ari Úlfarsson hélt áfram sem gjaldkeri og Hjalti Jón Kjartansson var valinn ritari. Þá skipti stjórnin með sér öðrum hlutverkum og skyldum.

REKSTUR OG AFKOMA

Rekstur skrifstofu félagsins hefur verið með líku sniði og undan farin ár. Skrifstofu- og fundaraðstaða félagsins á Engjateig 9 hefur verið vel nýtt til stjórnarfunda og viðtala vegna vottunar verkefnastjóra og fræðslufundir haldnir í fundarsal í kjallara.

Helstu verkefni og afkoma félagsins

Velta félagsins árið 2017 var rúmar 16,5 milljónir króna. 72,4% af tekjum félagsins komu frá vottunarstarfsemi, 18,4% frá félagsgjöldum og 9,2% voru ráðstefnutekjur. Miðað við fyrra ár er hlutfall vottunartekna ívið hærra en áður en hlutfall ráðstefnutekna nokkru minna. Helstu kostnaðarliðir félagsins eru laun og launatengd gjöld, ráðstefnu- og fundakostnaður og skrifstofu og húsnæðiskostnaður. Þá greiða samtökin um 1.250.000 til Alþjóðasamtaka verkefnastjórnunarfélaga, IPMA, vegna félags- og vottunargjalda. Ný heimasíða fór í loftið á árinu og hefur fengið góðar móttökur auk þess sem öll umsjón og viðhald er mun auðveldari en áður var.

Á starfsárinu var samið við Markmál ehf. um þýðingu á ICB 4 og við Óðinn Albertsson um ritstjórn á þýðingunni. Staða þýðingarinnar er sú að Óðinn hefur lesið yfir þýðinguna og leiðrétt og lagfært textann. Hafi hann mikla þökk fyrir vel unnið verk. Nú er beðið eftir lokaleiðréttingu og frágangi á þýðingunni sem þá fer í prófarkalestur. Fyrir árið 2017 voru áætlaðar 4,0 milljónir í ICB4, notaðar voru 2,2. gert er ráð fyrir að 2 m kr. fari í að fullklára verkið. Þegar íslenska þýðingin af ICB 3 kom út árið 2012 voru vottunargjöld hækkuð um kr. 5.000 vegna þýðingar kostnaðar. Síðan hafa 1020 einstaklingar farið í gegnum vottunarferlið.

Á árinu 2017 var einnig hafist handa við innleiðingu ICB4 og var framkvæmdastjóri félagsins ráðinn í fullt starf til þess að sinna innleiðingunni. Launakostnaður á komandi starfsári mun því aukast.

Á komandi starfsári þarf samhliða innleiðingunni að huga að matsmannabjálfun. Þá hefur úttekt IPMA á vottunarstarfsemi og innleiðingu ICB4 verið tímasett á 3. ársfjórðungi 2018. Áætlaður kostnaður við þessa tvöliði er 2 m. kr.

Áfram er því unnið í verkefnum sem kosta félagið töluvert en eru nauðsynleg fyrir framtíðina.

Félagatal

Ávallt er einhver hreyfing á félagatalinu. Alþjóðasamtök verkefnastjórnunarfélaga IPMA innheimtir skatt af hverjum greiðandi félaga. Samkvæmt IPMA talningu eru félagar í VSF 236 á móti 268 árið 2016. Hvert fyrirtæki telur skv. IPMA sem 5 greiðandi félagar. Félagar sem fá sent fréttabréf frá félaginu eru rúmlega 400. Félagafjöldinn er fremur niður á við og kunna að vera margar orsakir fyrir því.

VOTTUN

Eins og mörg undanfarin ár vottar félagið reynslu og þekkingu verkefnastjóra samkvæmt alþjóðlegum viðmiðum í samvinnu við alþjóðasamtök verkefnastjórnunarfélaga, IPMA.

Vottanir starfsársins

Árið 2017 var fjöldi vottana svipaður og árið 2016. Heildarfjöldi B, C og D stigs vottana var 165 árið 2017 en 162 árið áður.

Ár	A stig	B stig	C stig	D stig	Alls
Frá upphafi (1997)	1	79	170	1483	1732
2016		1	13	147	162
2017		5	11	150	165

Nokkrir umsækjendur ársins 2017 eiga eftir að skila skýrslum og fara í viðtal, þegar því er lokið er vottunin formlega skráð.

Samstarf við menntastofnanir varðandi vottun er gott og vottar félagið reglulega nemendur úr MPM námi Háskólans í Reykjavík, Endurmenntun Háskóla Íslands, Símenntun hjá Háskólanum á Akureyri og APME (*Applied Project Management Expert*) náminu hjá Opna háskólanum í Reykjavík. Samningar um vottun eru á milli VSF og þessara stofnana. Af og til koma einnig hópar sem eru hér á landi á vegum Háskóla Sameinuðu þjóðanna sem hafa sem hluta af náminu hér farið í námskeið um verkefnastjórnun. Hópar þessir eru af mörgum þjóðlöndum., oftast en ekki löndum þar sem IPMA samtökin eru ekki starfandi. Segja má að við sáum frægum verkefnastjórnunar í þessum löndum. Til að mynda höfðu nemendur frá Kenya í Jarðhitaháskóla Sameinuðu þjóðanna frumkvæði að því að stofna félag í sínu heimalandi og sækja um aðild að IPMA. Reglulega koma einnig hópar frá fyrirtækjum í vottun, en það er oft á tíðum hluti af mennta- og endurmenntunarstefnu þeirra.

Matsmenn

Flestir ef ekki allir matsmenn félagsins hafa tekið þátt í vottunarferlinu, við yfirferð umsókn a og prófa og viðtöl. Þar sem ICB 3 er að renna sitt skeið á enda og farið að hylla undir ICB 4 hefur endurmenntun og þjálfun matsmanna setið á hakanum. Við innleiðingu á ICB 4 verður örugglega breyting þar á, eins og áður hefur verið getið. Þakka ber matsmönnum sérstaklega fyrir gott starf, en endurgjöf umsækjenda um vottunarferlið er alla jafna mjög góð.

Uppskeruhátíð vottunar

Á árinu 2017 var, eins og árið áður, reynt að hafa samband við alla IPMA B og C vottaða einstaklinga og þeim boðið til samkomu í þeim tilgangi að skapa tengsl á milli þeirra. Öllum nývottuðum er sérstaklega boðið á uppskeruhátíðina og eru afhent skírteini til þátttakenda í vottunarferli ársins. Á samkomunni kynnti ný B vottaður verkefnastjóri, Hannes Frímann Sigurðsson og jafnframt nýútskrifaður úr MPM náminu, verkefnið Vogabyggð, sem hann vann fyrir Hömlur, dótturfélag Landsbankans.

UPPLÝSINGA- OG KYNNINGARMÁL

Miðlun upplýsinga um starfsemi félagsins er með ýmsum hætti, aðallega þó rafrænum; með fréttabréfum, auglýsingum og öðru efni tengt verkefnastjórnun. Þá hefur félagið í auknum mæli nýtt sér Facebook til kynningarmála.

Fréttabréf og vefsvæði

Á stjórnarárinu 2017-2018 hafa verið send út 15 rafræn auglýsinga- og fréttabréf til félagsmanna með kynningum á fundum og viðburðum auk upplýsinga og fróðleiks sem stjórn félagsins telur að eigi erindi við félagsmenn. Félagið heldur úti vefsvæði fyrir félagið www.vsf.is. Þar má finna upplýsingar um félagið, vottunarferlið, fundi og viðburði. Félagið rekur fyrir NORDNET vefinn www.pmnordnet.org.

Samfélagsmiðlar

Frá því að síða félagsins á *Facebook* var stofnuð, hefur umferð um hana jafnt og þétt aukist. Þar hafa viðburðir félagsins verið auglýstir, ýmislegt fróðlegt efni verið sett inn ásamt því að deila viðburðum og atburðum sem tengjast verkefnastjórnun eða félaginu á einhvern hátt. Vegna almennrar og útbreiddrar notkunar miðilsins hér á landi er auðvelt að ná til stórs hóps með einföldum hætti og *Facebook* býður upp á ýmsar leiðir til að auglýsa og fylgjast með notkun og árangri einstakra innleggja.

Ljóst er að möguleikarnir eru miklir til að nýta samfélagsmiðla enn frekar til upplýsingamiðlunar um starfsemi félagsins.

Viðburðir og fræðslufundir

VSF stóð fyrir fjölbreyttum viðburðum á árinu. Í töflu 1 má sjá samantekt helstu viðburða félagsins á starfsárinu; fræðslufundir, fyrirtækjaheimsóknir, ráðstefnur og aðrir viðburðir sem VSF stóð fyrir eða átti aðild að. Helstu samstarfsaðilar um fræðslufundi og viðburði eru Dokkan og MPM námið.

Tafla 1 Yfirlit helstu viðburða á vegum VSF á starfsárinu

Dags	Staður	Viðburður / erindi	Framsaga / ábyrgð
15.03.2017	Engjateigur 9	Aðalfundur	
10.4.2017	Holland	Diversity in Project Management	VSF styrkti ráðstefnuna og gaf 3 miða á hana
26.04.2017	Háskólinn í Reykjavík	MPM námið 10 ára	MPM. VSF félagum boðið
5.05.2017	Háskólinn í Reykjavík	Dagur verkefnastjórnunar	Dr. Haukur Ingi Jónasson, Dr. Helgi Þór Ingason, Dr. Þórður Víkingur Friðgeirsson, Þór Hauksson, MPM namar
13.06.2017	Engjateigur 9	Uppskeruhátíð vottunar	Hannes Frímann Sigurðsson, MPM, B vottaður
17.06.2017	Harpa	Afhending viðurkenningar fyrir lokaverkefni í MPM námi	Stjórn VSF og Dr. Haukur Ingi Jónasson
18.9.2017	Engjateigur 9	Kynning á vottun verkefnastjóra	Theodór Ottósson
4.10.2017	Hótel Natura	Haustráðstefna VSF (<i>sjá nánari umfjöllun í texta</i>)	Ýmsir
9.11.2017	Vegagerðin	Verkefnastjórnun hjá Vegagerðinni	Viktor Steinarsson
22.11.2017	Ari on banki	Breytingar á upplýsingatækni sviði	Guðrún Helga Hamar
12.1.2018	Sjóvá	Project Portfolio Management	Birna Íris Jónsdóttir
18.1.2018	Engjateigur 9	Aukinn árangur í verkefnum með Project Excellence líkani	Anna Kristín Kristinsdóttir og Ásta Lára Jónsdóttir

6.2.2018	Engjateigur 9	Kynning á vottun verkefnastjóra	Theodór Ottósson
8.2.2018	Háskólinn í Reykjavík	Hápróuð verkefnahermun	Guy Giffin framkvæmdastjóri Prendo Simulations
21.2.2018	Engjateigur 9	Reiknistofa bankanna: Áskoranir yfirstjórnenda	Íris Mjöll Gylfadóttir og Friðrik Þór Snorrason

Fyrirtækjaheimsóknir og fræðslufundir

Eins og fyrri ár var nokkuð um fyrirtækjaheimsóknir og fræðslufundi á vegum félagsins, meðal annars í samstarfi við Dokkuna. Samstarf VSF við önnur félög hefur reynst vel og gefur félagsmönnum tækifæri til að sækja fleiri viðburði, efla tengslanet sitt og breikka þekkingargrunn sinn auk þess að heyra af mismunandi verkefnum og beitingu verkefnastjórnunar í þeim.

Dagur verkefnastjórnunar

Dagur verkefnastjórnunar, í samstarfi VSF og MPM námsins, var haldinn föstudaginn 5. maí 2017. Þetta var í annað skipti sem viðburðurinn er haldinn með þessari yfirskrift og er hugsaður sem heils dags viðburður sem skiptist í tvennt: eftir hádegið fara fram kynningar meistaranema MPM námsins á eigin lokaverkefnum eins og verið hefur undanfarin ári, en við þetta bætist hálfur dagur fyrir hádegi tileinkaður almennari umfjöllun verkefna og verkefnastjórnunar. Sú nálgun sem varð fyrir valinu var að halda opna málstofu VSF og MPM námsins um stöðu og framtíð verkefnastjórnunar. Fyrirkomulagið var þannig að fyrst voru haldin nokkur örerindi um stöðu verkefnastjórnunar og helstu áskoranir hennar í ólíkum greinum atvinnulífsins.

Í kjölfar örerindanna fór fram vinna í nokkrum hópum með svokölluðu *World-Café* fyrirkomulagi. Það fyrirkomulag virkar í grófum dráttum þannig að hópar vinna með tiltekna spurningu á hverju borði í tiltekinn tíma í senn, en fólk flakkar síðan á milli borða samkvæmt ákveðnum reglum og tekst þar á við nýjar spurningar með nýjum hópum.

Það er skemmst frá því að segja að þetta fyrirkomulag gekk vel upp og úr varð skemmtileg samræða og fróðlegar niðurstöður um mikilvægar spurningar og áskoranir verkefnastjórnunar. Óhætt er að fullyrða að almenn ánægja hafi verið meðal þátttakenda og allar líkur á að þessu sama fyrirkomulagi verði haldið á degi verkefnastjórnunar á komandi starfsári.

Viðurkenning fyrir lokaverkefni í MPM námi

Félagið veitti í annað sinn viðurkenningu fyrir lokaverkefni í meistaranámi í verkefnastjórnun við Háskólann í Reykjavík. Félagið veitti viðurkenningu fyrir það lokaverkefni sem að mati stjórnar felur í sér mest framlag til þekkingar á sviði verkefnastjórnunar, er frumlegt en hefur jafnframt hagnýtingargildi nú eða í náninni framtíð.

Viðurkenninguna 2017 hlutu þær Anna Kristín Kristinsdóttir og Ásta Lára Jónsdóttir fyrir lokaverkefnið "*The Eye of Excellence – Achieving Excellent Results With a Project Excellence Model*".

Haustráðstefnan

Haustráðstefna VSF var haldin 4. október 2017 frá kl. 13 til 17 í salarkynnum á Hótel Natura. Þema ráðstefnunnar í ár var „*Verkefni til árangurs*“ og var leitast til að fá reynslusögu frá mismunandi geirum og gerðum verkefna.

Undirbúningur ráðstefnunnar var í höndum ráðstefnunefndar sem var skipuð af stjórn um vorið. Nefndin tók strax til starfa og drög að dagskrá lágu fljótlega fyrir. Ákveðið var að hafa aðeins einn straum í stað tveggja eins og prófað var með árið 2016.

Eins og undan farin ár var boðið upp á vinnustofu fyrir hádegi á ráðstefnudaginn og sáu Ásdís Olsen og Þórður Víkingur Friðgeirsson um vinnustofuna í þetta skiptið. Yfirskrift vinnustofunnar var: *Mindful Leadership* sem var áhrifaríkt og umbreytandi námskeið þar sem þátttakendur fengu að kynna *Mindful Leadership* æfingakerfinu að eigin raun. Þátttaka í vinnustofunni var ásættanleg eða um 16 sæti.

Ráðstefnan hófst síðan kl. 13 og voru fyrirlestrarnir fjölbreyttir og í anda yfirskriftar ráðstefnunnar. Erindin voru bæði fræðileg og reynslusögur af verkefnum sem er lokið eða eru enn í framkvæmd. Tveir lykilfyrirlestrar voru á dagskránni sem mörkuðu upphaf og endi ráðstefnunnar. Lykilfyrirlesarar voru þau Ásdís og Þórður Víkingur og Paul Hodgkins. Ásdís og Þórður tengdu núvitund (e.mindfulness) við persónulega (e.people) þáttinn í hæfniviðmiðum verkefnastjórans (ICP4). Paul Hodgkins fór skemmtilega yfir sjö lærdóma leiðtogans (e.Seven Leadership Lessons) sem vakti þónokkra kátínu hjá ráðstefnugestum. Að lokinni dagskrá gafst gestum tækifæri til óformlegs skrafs og ráðagerða yfir léttum veitingum og til þess að endurnýja kynni við fagfélaga sína eða stofna til nýrra. Því miður brást tímasetning staðarhaldara að koma með veitingarnar fram og því færri í spjall en búist var við.

Ráðstefnan var ágætlega sótt og strax í framhaldi var send út skoðunarkönnun sem gaf góðar ábendingar um hvað má gera betur og verður það haft til hliðsjónar fyrir næstu ráðstefnu.

ERLENT SAMSTARF

Erlent samstarf félagsins var með nokkuð hefðbundnum hætti á starfsárinu og að mestu tengt alþjóðasamtökum verkefnastjórnunarfélaga, IPMA, með einum eða öðrum hætti.

Heimsráðstefna IPMA 2017, í Astana, Kazakhstan

Formaður VSF, Þór Hauksson, sótti heimsráðstefnu IPMA 2017 sem var að þessu sinni haldin í Astana, höfuðborg Kazakhstan dagana 5. – 7.september 2017. Heimsráðstefnur IPMA eru núna haldnar annað hvert ár og sækja aðildarfélög IPMA um að halda ráðstefnuna í sínu heimalandi. Kazakhstan er gríðarlega víðfemt en strjálbýltri sem öðlaðistsjálfstæði 1991. Þar er jöfnum höndum töluð kasakska og rússneska, þar ríkir lýðræði í strangri en föðurlegri forsjá valdamikils forseta landsins, Nursultan Nazarbayev. Kazakhstan er auðugt land af náttúrunnar hendi og mikil uppbygging hefur átt sér stað í landinu síðustu ár þar sem ekkert er til sparað að færa forna hirðingjamenningu inn í vestræn gildi og almenna velmegun. Astana, höfuðborg landsins, er gott dæmi um þetta en borgin var skipulögð og byggð uppi á eyðilegri hásléttunni, þar sem fyrir var ekki mikið meira en fornfálegt þorp. Á þessum stutta tíma frá tilurð þessarar nýju höfuðborgar hafa risið ótal nýttiskulegar og framúrstefnulegar byggingar sem blanda saman vestrænum og austrænum byggingastíl og arkitektúr. Ein slík bygging er alþjóðlegur háskóli í Astana sem – eins og svo margt annað – er kenndur við föðurímynd landsins, forsetann Nazarbayev. Heimsráðstefna IPMA 2017 fór fram í nokkrum af fyrirlestrasölum þessa skínandi og nýttiskulega háskóla.

Yfirskrift ráðstefnunnar var „*Breakthrough Competences for Managing Change*“, sem mætti þýða sem „*Lykilhæfni til að leiða breytingar*“. Útgangspunkturinn er að öll verkefni feli í sér einhvers konar breytingu. Hvort sem um er að ræða nýja vöru eða afurð, viðburð, umbætur á ferli í starfsemi skipulagsheildar eða hvaðeina sem verkefninu er ætlað að áorka - þá er einhvers konar breyting ætíð falin í verkefninu. Eins og venjan er á svona ráðstefnum þá eru erindin mörg og misjöfn, blanda af lykilfyrirlestrum reyndra fræðimanna á sviði verkefnastjórnunar og rannsóknarverkefna framhaldsnema í verkefnastjórnun.

Nordnetfundir

Á síðasta ári fóru Norðmenn með forystu í NORDNET, samtök norrænu IPMA aðildarfélaganna. Að þessu sinni voru formlegir fundir NORDNET eingöngu haldnir í tengslum við fulltrúaráðsfundi IPMA, í Lissabon og Astana.

Fundarefni þessara funda er að vanda fjölbreytt. Skipst er á upplýsingum um starfið í hverju landi fyrir sig. ráðstefnur og viðburðir. Einna hæst hefur borið vinna við stefnumótun NORDNET. Ísland hefur tekið við forystuhlutverki samtakanna og mun Þór Hauksson leiða stefnumótunarvinnu samtakanna, en hann kynnti stefnumótunarvinnu VSF fyrir fundarmönnum í Astana. Vakti stefnumótunin hrifningu og þótti henta sem fyrirmynd að stefnumótun NORDNET.

Fundir fulltrúa aðildarféлага IPMA

Formaður, Þór Hauksson og framkvæmdastjóri félagsins, Theodór Ottósson, sótti fund fulltrúaráðs IPMA í Lissabon í mars. Theodór sat Certification System Panel (CSP) sem fjallar um vottunarmál en Þór var aðalfulltrúi Íslands.

Haustfundur fulltrúaráðs IPMA var haldinn í höfuðborg Kasakstan, Astana í september, í tengslum við alheimsráðsstefnu IPMA. Sömu fulltrúar sóttu þennan fund og voru á Lissabon fundinum og verkaskipting sú sama.

Helstu mál fundanna voru að venju ýmis mál er varða rekstur samtakanna; fjármál, markaðsmál, aðild að samtökunum, fræðslumál, vottanir, heimsráðstefnan o.fl. Það er alltaf uppörvandi og nytsamlegt að hitta fulltrúa annarra IPMA landa og fræðast og skiptast á skoðunum um rekstrarmál félaganna.

Góður fundur og stofnað til nýrra tengsla sem hafa nýst vel.

Project Excellence

Í september sótti Davíð Lynch, stjórnamaður VSF, ásamt þremur öðrum Íslendingum, vinnustofu í Stokkhólmi um mat verkefna samkvæmt Project Excellence líkaninu. Matsaðferðin er viðurkennd af IPMA og stóð systurfélag VSF í Svíþjóð, *Svensk Project Forum* (SPF), fyrir vinnustofunni. SPF hefur notað þetta líkan til að meta framúrskarandi verkefni til verðlauna frá árinu 1998.

Það sem er nýtt er að SPF undir forystu Erik Mansson hefur þróað nálgun sem hægt er að beita innan fyrirtækja yfir æviskeið verkefna með góðum árangri. Með því að samtvinna sjálfsmat, markþjálfun og stöðugar umbætur gefst kostur á að nýta aðferðarfræðina innan skipulagsheilda til hvatninga og úttekta með tiltölulega lítilli fyrirhöfn.

Anna Kristín Kristinsdóttir og Ásta Lára Jónsdóttir notuðu tækifærið til að kynna lokaverkefnið þeirra "*The Eye of Excellence – Achieving Excellent Results With a Project Excellence Model*", sem var einmitt það lokaverkefni MPM námsins sem VSF veitti viðurkenningu fyrir á árinu.

SAMANTEKT

Verkefnastjórnunarfélag Íslands vill skapa umhverfi og aðstæður til stöðugar framþróunar verkefnastjórnunar hér á landi, miðla efni um verkefnastjórnun og þróun faggreinarinnar ásamt því að votta reynslu og þekkingu verkefnastjóra samkvæmt alþjóðlegum viðmiðum. Starfsárið hefur verið fjölbreytt og óhætt að fullyrða að starfsemin hafi verið í samræmi við þetta lykilhlutverk félagsins.

Viðfangsefnið er þó þannig að stöðugt þarf að leita nýrra leiða til að efla starfið enn frekar.

Aðferðafræði verkefnastjórnunar teygir sig æ víðar og dýpra í afar ólíkum verkefnum samfélagsins og kalla á fjölbreytta hæfni og nálgun. Þekkingin og hæfnin er ekki einsleit eða á einum stað og segja má að starfsemi félagsins snúist um að tengja saman ólíka þræði af sama meiði; frá alþjóðasamfélagi

verkefnastjórnunarfélaga, yfir í rannsóknir og nýsköpun háskólaumhverfisins á sviði verkefnastjórnunar og svo auðvitað að flétta inn reynslu og raunverkefni atvinnulífsins.

Á komandi starfsári eru ýmsar áskoranir og átaksverkefni sem bíða nýrrar stjórnar. Þar ber hæst innleiðing nýrra vottunarferla samkvæmt uppfærðum hæfniviðmiðum IPMA, menntun matsmanna, þýðing prófa og þar fram eftir götunum. Auk þess fer VSF nú með forystu í Nordnet hópnum og stefnt að vandaðri haustráðstefnu sem kallast á við vorviðburð félagsins, í samstarfi við MPM námið.

Það eru því ærin viðfangsefni framundan og rétt að þakka fyrir fórnfúst starf þeirra sem gefa sína vinnu og miðla þekkingu í þágu félagsins. Fyrir hönd stjórnar færi ég öllum þeim bestu þakkir fyrir sitt framlag; ekki síst þeim sem ganga úr stjórn fyrir frábært samstarf sem og þeim sem gefa kost á sér í nýja stjórn fyrir áhugann að auka veg og vanda verkefnastjórnunar hér á landi.

Fyrir hönd stjórnar,
Þór Hauksson
Formaður VSF